

Mótanefnd Faxa og Skugga – yfirlit yfir starfið 2016

Góðir aðalfundargestir

Það er fyrst til að taka að líklega hefur aldrei fyrr verið jafnmikið umleikis í mótahaldi félaganna Faxa og Skugga og á yfirstandandi keppnistímabili árið 2016. 10 mótaviðburðir, stórir og smáir, voru á dagskrá frá því í febrúar er KB mótariðin hófst og þar til um miðjan ágúst að Bikarmót Vesturlands var haldið. Hér verður þó ekki farið mjög djúpt í hlutina en tæpt á því helsta

Langflestir viðburðirnir voru haldnir í samstarfi við Faxa og einn í samstarfi allra félaga á Vesturlandi. Íslandsmótið og firmakeppnin voru þeir viðburðir sem Skuggi eitt félag stóð fyrir, þó fengum við ágætan stuðning Faxa við Íslandsmótið. KB mótariðin var haldin í samvinnu og í samstarfi við Selás ehf og rann hagnaður þeirra móta, sem var töluverður, óskertur til Seláss ehf. KB mótariðin samanstóð af þremur mótum sem öll fóru vel fram og lauk henni með verðlaunasamkomu hér í félagsheimilinu. Þátttaka var eitthvað minni en verið hefur en þó ekki svo að til vandræða væri, skipti miklu að Snæfellingar komu öflugir til leiks og verður vonandi framhald á því í vetur.

Firmakeppnin var svo haldin með hefðbundnum hætti þann 1. maí og tókst vel og var firmanefndin dugleg að safna styrkjum. Arionbankamótið skilaði góðum afgangi en gæðingamótið át hann upp að töluverðu leiti þannig að þessi tvö mót komu út með eitthvað smávegis umfram á tekjuhlíðinni. Hluti skýringar á slæmri útkomu gæðingamóts var sú að skráningargjöldum var haldið í algjöru lágmarki og svo voru óvenju fáar skráningar. Sú ákvörðun um að halda skráningargjöldum lágum var upplýst ákvörðun mótanefndar til að fleiri sæju sér fært að taka þátt en sú varð svo ekki raunin. En bæði þessi mót, Arionbankamótið í maí, tveggja daga mót, og gæðingamótið tókust vel í alla staði.

Úrtakan fyrir LM á Hólum fór svo fram hér í Borgarnesi í samvinnu allra félaganna á Vesturlandi og fór hún fram á tveimur dögum. Þrátt fyrir töluverðan dómarakostnað kom mótið út í ágætum hagnaði enda var skráningin töluvert góð.

Stærsta verkefni ársins var svo Íslandsmót yngri flokka sem hér var haldið 14 – 17. júlí. Heilt yfir má alveg fullyrða að það hafi tekist afar vel til, voru að vísu meiningar milli manna um fyrirkomulag keppinnar en við unnum eftir þeim reglum sem LH setur okkur þannig að engu varð breytt frá okkar áætlunum. Skráningar held ég að hafi aldrei verið fleiri á Íslandsmót yngri flokka, urðu þær 560 talsins eða töluvert umfram áætlanir sem sniðu okkur auðvitað nokkuð þröngan stakk hvað tímaplan varðaði. Gekk þó allt upp og var mótinu slitið ca 10 mín á eftir áætlun. Framkvæmdastjórinn og mótsstjórinn tóku snöfurmannalega á öllum vandamálum og mistökum sem upp komu þannig að allir voru sáttir að kalla að móti loknu.

Unglingalandsmót var svo haldið hér um verslunarmannahelgina og sá Hmf. Skuggi um hestaþróttirnar. Þátttaka var ekki mikil og tók mótið því fljótt af báða dagana en forkeppnin var haldin á föstudag en úrslitin á laugardag. Nutum við þess að svæðið var tilbúið til notkunar þannig að lítið þurfti að framkvæma.

Síðasta verkefni ársins var svo að halda Bikarmót Vesturlands og var það haldið um miðjan ágúst. Eins dags mót sem fór vel fram og komu keppendur frá öllum félögum, mismargir raunar en þó þannig að

skráning var vel viðunandi. Hestamannafélagið Skuggi bar sigur úr bítum, verðskuldað, enda áttum við keppendur í öllum flokkum ef ég man rétt.

Ég vil þakka öllum þeim sem komu með einhverjum hætti að öllum þessum mótum fyrir gott samstarf, bæði á þessu ári sem og á liðnum árum en ég hverf nú úr framlínu mótahaldsins eftir alltof mörg ár í því hlutverki. Vissulega mun ég halda áfram að vinna á mótum verði eftir því leitað og ég hef tækifæri til. Það vona ég líka að sem flestir félagar geri. Það er nefnilega töluvert gaman að starfa við mótahald sem og undirbúning í samstilltum hópi áhugafólks um hestamennsku. Allt þetta mótastand undanfarin ár hefur leitt til þess að svæðið okkar er afar gott og glæsilegt þegar búið að að klæða það í sparibúninginn. Verum samtaka um að viðhalda því þannig því vel hirt mótssvæði er staðarþróði.